

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2021/1108**

2023/EES/68/13

frá 5. júlí 2021

**um viðurkenningu á að fyrirkomulag laga, eftirlits og framfylgdar í Bandaríkjunum Ameríku fyrir afleiðuviðskipti sem eru undir eftirliti stjórnar Seðlabanka Bandaríkjanna, Bankaeftirlits Bandaríkjanna, Alríkisinnstæðutryggingasjóðsins, Eftirlitsstofnunar með lánum til landbúnaðarins og Íbúðalánastofnunar Bandaríkjanna jafngildi tilteknum kröfum í 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (1), einkum 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ákvæði 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 kveða á um tilhögun sem veitir framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja jafngildisáskvarðanir þar sem lýst er yfir að fyrirkomulag laga, eftirlits og framfylgdar þriðja lands jafngildi þeim kröfum sem mælt er fyrir um í 4., 9., 10. og 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, svo að mótaðilar sem stofna til viðskipta innan gildissviðs þeirrar reglugerðar teljist uppfylla þær kröfur með því að fara að kröfum sem settar eru fram í lagareglum þess þriðja lands, ef a.m.k. einn mótaðilanna hefur staðfestu í viðkomandi þriðja landi. Þessi yfirlýsing um jafngildi stuðlar að því að ná meginmarkmiði reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, þ.e. að draga úr kerfisáhættu og auka gagnsæi afleiðumarkaða með því að tryggja alþjóðlega samræmda beitingu meginreglnanna sem samkomulag er um við þriðju lönd og mælt er fyrir um í þeirri reglugerð.
- 2) Með ákvæðum 1., 2. og 3. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, sem framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 149/2013 (2) og framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2251 (3) bæta við, er komið á lagaskilyrðum Sambandsins að því er varðar tímanlega staðfestingu á skilmálum OTC-afleiðusamnings, framkvæmd samþjöppunar á eignasafni og fyrirkomulag afstemmingar á eignasöfnum í tengslum við OTC-afleiðusamninga sem miðlægur mótaðili hefur ekki stöðustofnað. Að auki mæla þessi ákvæði fyrir um skyldur um mat og lausn deilumála sem gilda um þessa samninga („aðferðir til að milda rekstraráhættu“), sem og skyldur um skipti á veðtryggingu („tryggingarfé“) milli mótaðila.
- 3) Til að laga-, eftirlits- og framfylgdarreglur þriðja lands geti talist jafngildar reglum Sambandsins, að því er varðar aðferðir til mildunar rekstraráhættu og kröfur um tryggingarfé á efnisleg niðurstaða gildandi fyrirkomulags laga, eftirlits og framfylgdar að vera jafngild kröfum Sambandsins skv. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 og tryggja verndun þagnarskyldu sem jafngildir þeirri vernd sem kveðið er á um í 83. gr. þeirrar reglugerðar. Enn fremur verður að beita jafngildu fyrirkomulagi laga, eftirlits og framfylgdar skilvirkt, á sanngjarnan hátt og án röskunar í því þriðja landi. Jafngildismatið felur því í sér sannpröfun á því hvort fyrirkomulag laga, eftirlits og framfylgdar þriðja lands tryggi að

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 238, 6.7.2021, bls. 109. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/2022 frá 4. febrúar 2022 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 42, 30.6.2022, bls. 22.

(1) Stjtið. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 149/2013 frá 19. desember 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um óbeint stöðustofnunarfyrirkomulag, stöðustofnunar skyldu, opinbera skrá, aðgang að viðskiptavettvangi, ófjárhagslega mótaðila og aðferðir til að draga úr áhættu fyrir OTC-afleiðusamninga sem miðlægur mótaðili hefur ekki stöðustofnað (Stjtið. ESB L 52, 23.2.2013, bls. 11).

(3) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2251 frá 4. október 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla vegna áhættuvarna fyrir OTC-afleiðusamninga sem miðlægur mótaðili hefur ekki stöðustofnað (Stjtið. ESB L 340, 15.12.2016, bls. 9).

OTC-afleiðusamningar, sem miðlægur mótaðili hefur ekki stöðustofnað og a.m.k. einn mótaðili með staðfestu í því þriðja landi á aðild að, leiði ekki til aukinnar áhættu fyrir fjármálamarkaði í Sambandinu og valdi af þeim sökum ekki óásættanlegri kerfisáhættu í Sambandinu.

- 4) Þann 1. september 2013 fékk framkvæmdastjórnin tækniráðgjöf frá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um fyrirkomulag laga, eftirlits og framfylgdar í Bandaríkjunum Ameríku<sup>(4)</sup> að því er varðar, m.a., aðferðir til mildunar rekstraráhættu og tryggingarfé sem gilda um OTC-afleiðusamninga sem ekki eru stöðustofnaðir af miðlægum mótaðila. Hins vegar lagði Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin í tækniráðgjöf sinni áherslu á reglurnar sem Nefnd um framtíðarsamninga um viðskipti með hrávöru (e. *Commodity Futures Trading Commission, CFTC*) og Verðbréfa- og kaupþingsnefnd (e. *Securities and Exchange Commission, SEC*) gáfu út og fjallaði ekki um þær reglur sem gilda um mótaðila undir eftirliti stjórnar Seðlabanka Bandaríkjanna (e. *Board of Governors of the Federal Reserve System, FRS*), Bankaeftirlits Bandaríkjanna (e. *Office of the Comptroller of the Currency, OCC*), Alríkisinnstæðutryggingarsjóðs (e. *Federal Deposit Insurance Corporation, FDIC*), Eftirlitsstofnunar með lánnum til landbúnaðarins (*Farm Credit Administration, FCA*) og Íbúðalánastofnunar Bandaríkjanna (e. *Federal Housing Finance Agency, FHFA*) (saman „bandarísk yfirvöld sem sinna varfærnisefirliti“).
- 5) Framkvæmdastjórnin hefur tekið tillit til þeirrar þróunar á sviði reglusetningar sem átt hefur sér stað síðan hún fékk tækniráðgjöf Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar. Þessi ákvörðun byggist ekki einvörðungu á sam- burðargreiningu á kröfum um lög, eftirlit og framfylgd í Bandaríkjunum heldur einnig á mati á niðurstöðu þessara krafna og hversu fullnægjandi þær eru til að milda áhættuna sem stafar af þessum samningum, með hætti sem telst jafngildur niðurstöðu krafanna sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012.
- 6) Mælt er fyrir um fyrirkomulag laga, eftirlits og framfylgdar, sem gildir um OTC-afleiðusamninga í Bandaríkjunum, í VII. bálki Dodd-Frank-laganna um endurbætur á Wall Street og neytendavernd (Dodd-Frank Wall Street Reform and Consumer Protection Act) („Dodd-Frank-lögin“) og sértæku framkvæmdarreglunum sem bandarísk yfirvöld sem sinna varfærnisefirliti hafa samþykkt.
- 7) Það eru engar jafngildar reglur um aðferðir til mildunar áhættu sem gilda um OTC-afleiður sem ekki eru stöðustofnaðar af miðlægum mótaðila í Dodd-Frank-lögunum og bandarísk yfirvöld sem sinna varfærnisefirliti hafa ekki gefið út reglur eða reglugerðir sem setja jafngildar kröfur. Ákvörðun þessi skal því ekki ná yfir það fyrirkomulag laga, eftirlits og framfylgdar sem gildir um OTC-afleiðuviðskipti sem gerð eru á milli mótaðila sem fellur undir eftirlit bandarískra yfirvalda sem sinna varfærnisefirliti og mótaðila með staðfestu í Sambandinu og fellur undir þær kröfur sem eru settar fram í 1. og 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 og varðandi skyldu um tímanlega staðfestingu, samþjöppun eignasafns og afstemmingu, verðmat og lausn deilumála.
- 8) Í Sambandinu falla OTC-afleiðusamningar sem ekki eru stöðustofnaðir af miðlægum mótaðila undir skyldu um skipti á veðtryggingum („kröfur um tryggingarfé“), samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 11. gr. Samkvæmt þeirri reglu verða allir mótaðilar að skiptast á viðbótartryggingum og mótaðilar yfir tilteknum viðmiðunarmörkum þurfa að skiptast á upphafstryggingum. Í þessu tilliti verður sérhver mótaðili sem fellur undir eftirlit bandarísks yfirvalds sem sinnir varfærnisefirliti að hlíta reglunni sem viðkomandi bandarískt yfirvald hefur samþykkt eins og mælt er fyrir um í 12. bálki safns alríkisreglugerða, eftir því sem við á í hluta 45 (fyrir Bankaeftirlit Bandaríkjanna), 237 (fyrir Seðlabanka Bandaríkjanna), 349 (fyrir Alríkisinnstæðutryggingarsjóð), 624 (fyrir Eftirlitsstofnun með lánnum til landbúnaðarins) og 1221 (fyrir Íbúðalánastofnun) (saman „regla um tryggingar í skiptasamningum“).
- 9) Reglan um tryggingar í skiptasamningum gildir um skiptasamninga og verðbréfaskiptasamninga sem gerðir eru milli eftirlitsskyldra skiptasamningaaðila og annarra skiptasamningaaðila, fjárhagslegra endanlegra notenda sem bera verulega skiptasamningaáhættu og, að vissu marki, fjárhagslegra endanlegra notenda sem bera ekki verulega skiptasamningaáhættu og annarra mótaðila eins og ríkja, fjölpjóðlegra þróunarbanka eða Alþjóðagreiðslubankans. Til þess að eining teljist bera verulega skiptasamningaáhættu verður samanlagt dagsmeðaltal grundvallarfjárhæðar OTC-afleiðna hennar, sem ekki eru stöðustofnaðar, fyrir júní, júlí og ágúst á næstliðnu almanaksári að fara yfir 8 milljarða Bandaríkjadala, en hliðstæð viðmiðunarmörk sem sett eru fram í 28. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2016/2251 eru aftur á móti 8 milljarðar evra. Krafan um að skiptast á viðbótartryggingum felur ekki í sér mikilvægismörk í Sambandinu og gildir hún um alla mótaðila skv. 3. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012. Samkvæmt reglum er krafan um samanlagða lágmarksfjárhæð yfirfærslu upphafs- og viðbótartrygginga, samkvæmt reglunni um tryggingar í skiptasamningum, 500 000 Bandaríkjadalir en sambærileg krafa sem sett er fram í 25. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2016/2251 er 500 000 evrur. Að teknu tilliti til takmarkaðra áhrifa vegna gjaldeyrismismunar ætti að líta á þessar fjárhæðir sem jafngildar.

(4) ESMA/2013/BS/1157, Tækniráðgjöf um jafngildi reglna þriðja lands samkvæmt reglugerð um innviði Evrópumarkaða (EMIR) – Bandaríki Ameríku, Lokaskýrsla, Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (Technical advice on third country regulatory equivalence under EMIR – US, Final report, European Securities and Markets Authority), 1. september 2013.

- 10) Þær kröfur sem reglan um tryggingar í skiptasamningum gerir gilda um „skiptasamninga“ eins og skilgreindir eru í 721. þætti Dodd-Frank-laganna og „verðbréfaskiptasamninga“ eins og skilgreindir eru í 761. þætti Dodd-Frank-laganna og ná því yfir nánast alla samninga sem eru skilgreindir sem OTC-afleiður í reglugerð (ESB) nr. 648/2012, að undanskildum framvirkum gjaldeyrissamningum og skiptasamningum í erlendum gjaldeyri, sem reglan um tryggingar í skiptasamningum setur engar kröfur fyrir. Þar að auki kveður reglan um tryggingar í skiptasamningum ekki á um sérstaka meðferð á samsettum fjármálaafurðum, þ.m.t. sértryggðum skuldabréfum og verðbréfunum. Skiptasamningar í erlendum gjaldeyri og framvirkir gjaldeyrissamningar eru undanþegnir kröfum um upphafstryggingar innan Sambandsins og afleiður í tengslum við sértryggð skuldabréf til áhættuvarnar geta einnig verið undanþegnar kröfum um upphafstryggingar. Ákvörðun þessi ætti því aðeins að gilda um OTC-afleiðuviðskipti sem falla undir tryggingarfé samkvæmt bæði lögum Sambandsins og reglunni um tryggingar í skiptasamningum.
- 11) Kröfurnar um útreikning á upphafstryggingu í reglunni um tryggingar í skiptasamningum eru jafngildar þeim kröfum sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 648/2012. Ákvæði reglunnar um tryggingar í skiptasamningum heimila notkun staðalaðferðar rétt eins og ákvæði IV. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2016/2251. Að öðrum kosti má nota innri líkön eða líkön þriðja aðila við þennan útreikning ef þessi líkön innihalda tilteknar breytur, þ.m.t. lágmarksöryggisbil og lágmarksáhættutímabil tryggingarfjár og tiltekin söguleg gögn, þ.m.t. um álagstímabil. Þessi líkön verða að vera samþykkt af viðkomandi bandarísku yfirvaldi sem sinnir varfærnisefirliti.
- 12) Kröfurnar í reglunni um tryggingar í skiptasamningum varðandi hæfar veðtryggingar og um meðhöndlun og afmörkun veðtryggingar eru jafngildar þeim reglum sem settar eru fram í 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2016/2251. Reglan um tryggingar í skiptasamningum felur í sér jafngildan lista yfir hæfar veðtryggingar. Því ættu ákvæði reglunnar um tryggingar í skiptasamningum að teljast jafngild þeim ákvæðum sem mælt er fyrir um skv. 3. mgr. 11 gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.
- 13) Að því er varðar sambærilega vernd þagnarskyldu þá falla upplýsingar, sem eftirlitsaðilar alríkisins búa yfir, undir lög um friðhelgi einkalífs (e. *Privacy Act*) og lög um upplýsingafrelsi (e. *Freedom of Information Act, FOIA*) í Bandaríkjunum. Samkvæmt lögum um upplýsingafrelsi verður einstaklingur eða stofnun í mörgum tilvikum að gera ráðstafanir til að tryggja trúnaðarmeðferð á þeim upplýsingum sem lagðar eru fram. Af þessum sökum veita lögin um friðhelgi einkalífs og lögin um upplýsingafrelsi tryggingu fyrir þagnarskyldu, þ.m.t. vernd viðskiptaleyndarmála sem yfirvöld deila með þriðju aðilum, sem jafngildar eru þeim sem settar eru fram í VIII. bálki reglugerðar (ESB) nr. 648/2012. Kröfurnar í Bandaríkjunum Ameríku ættu að teljast veita sambærilega vernd þagnarskyldu og tryggt er í reglugerð (ESB) nr. 648/2012.
- 14) Að lokum, að því er varðar skilvirkt eftirlit og framfylgd á lagalegu fyrirkomulagi í Bandaríkjunum Ameríku, hafa bandarísk yfirvöld sem sinna varfærnisefirliti viðtækar rannsóknar- og eftirlitsheimildir til að meta hvort eftirlitsskyldir skiptasamningaaðilar hlíti reglunni um tryggingar í skiptasamningum. Bandarísk yfirvöld sem sinna varfærnisefirliti geta gripið til margvíslegra eftirlitsráðstafana sem stöðva hvers kyns brot á gildandi kröfum. Enn fremur kveður lagarammi Bandaríkja Ameríku á um einkaréttarleg viðurlög, þ.m.t. kyrrsetningu eða lögban til bráðabirgða eða til frambúðar og sektir, auk refsiviðurlaga, vegna brota á gildandi kröfum. Þær ráðstafanir ættu því að teljast kveða á um skilvirka beitingu viðkomandi fyrirkomulags laga, reglna og framfylgdar samkvæmt Dodd-Frank-lögunum, lögunum um hrávöruviðskipti, lögunum um verðbréfavíðskipti, reglunni um tryggingar í skiptasamningum sem og reglugerðum Nefndar um framtíðarsamninga um viðskipti með hrávöru og Verðbréfa- og kaupþingsnefndar Bandaríkjanna, eftir atvikum, á sanngjarnan hátt og án röskunar til að tryggja skilvirkt eftirlit og framfylgd.
- 15) Með þessari ákvörðun er viðurkennt jafngildi bindandi krafna sem bandarísk yfirvöld sem sinna varfærnisefirliti setja varðandi OTC-afleiðusamninga sem eru í gildi þegar þessi ákvörðun er samþykkt. Framkvæmdastjórnin mun, í samvinnu við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, fylgjast reglulega með þróun á fyrirkomulagi laga, eftirlits og framfylgdar að því er tekur til þessara OTC-afleiðusamninga og stöðugrar og skilvirkar framkvæmdar þeirra að því er varðar tímanlega staðfestingu, samþjöppun eignasafns og afstemmingu, mat, lausn deilumála og kröfur um tryggingarfé sem gilda fyrir OTC-afleiðusamninga sem ekki eru stöðustofnaðir af miðlægum mótaðila og þessi ákvörðun hefur verið tekin um. Hluti af vöktunaráðgerðum framkvæmdastjórnarinnar getur falist í að fara fram á að bandarísk yfirvöld sem sinna varfærnisefirliti veiti upplýsingar um þróun á sviði reglusetningar og eftirlits. Framkvæmdastjórnin getur tekist á hendur sértæka endurskoðun, hvenær sem er, ef viðeigandi þróun gerir það nauðsynlegt að framkvæmdastjórnin endurmeti jafngildið sem þessi ákvörðun veitir. Slíkt endurmat getur leitt til niðurfellingar á þessari ákvörðun, sem myndi í kjölfarið sjálfkrafa leiða til þess að mótaðilar falli aftur undir allar þær kröfur sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

16) Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

*1. gr.*

Að því er varðar 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skal fyrirkomulag laga, eftirlits og framfylgdar í Bandaríkjum Ameríku fyrir skipti á veðtryggingum sem gilda um viðskipti sem falla undir „skiptasamninga“, eins og skilgreindir eru í 721. þætti Dodd-Frank-laganna, eða „verðbréfaskiptasamninga“, eins og skilgreindir eru í 761. þætti Dodd-Frank-laganna, og sem eru ekki stöðustofnuð af miðlægum mótaðila, teljast jafngilt kröfunum í 3. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 ef a.m.k. einn af mótaðilunum í þessum viðskiptum hefur staðfestu í Bandaríkjunum og er talinn vera eftirlitskyldur skiptasamningaaðili af Seðlabanka Bandaríkjanna, Bankaefirliti Bandaríkjanna, Alríkisinnstæðutryggingarsjóði, Eftirlitsstofnun með lánum til landbúnaðarins eða Íbúðalánastofnun Bandaríkjanna og þessi mótaðili fellur undir regluna um tryggingar í skiptasamningum sem mælt er fyrir um í 12. bálki safns alríkisreglugerða, eftir því sem við á í hluta 45 (fyrir Bankaefirlit Bandaríkjanna), 237 (fyrir Seðlabanka Bandaríkjanna), 349 (fyrir Alríkisinnstæðutryggingarsjóð), 624 (fyrir Eftirlitsstofnun með lánum til landbúnaðarins) og 1221 (fyrir Íbúðarlánastofnun) (saman „regla um tryggingar í skiptasamningum“).

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Brussel 5. júlí 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

---